

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31  
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

## RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson  
þróunarfulltrúi grunnskóla  
vigfus@hafnarfjordur.is

## MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á

vigfus@hafnarfjordur.is.

Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

## DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR  
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3900 í nálægt 185 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 400 í rúmlega 350 stöðugildum. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.  
[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)
- Engidalsskóli.  
[www.engidalsskoli.is](http://www.engidalsskoli.is)
- Hraunvallaskóli.  
[www.hraunvallaskoli.is](http://www.hraunvallaskoli.is)
- Hvaleyrarskóli.  
[www.hvaleyrarskoli.is](http://www.hvaleyrarskoli.is)
- Lækjarskóli.  
[www.laekjarskoli.is](http://www.laekjarskoli.is)
- Setbergsskóli.  
[www.setbergsskoli.is](http://www.setbergsskoli.is)
- Víðistaðaskóli.  
[www.vidistadaskoli.is](http://www.vidistadaskoli.is)
- Öldutúnsskóli.  
[www.öldutunsskoli.is](http://www.öldutunsskoli.is)
- Barnaskóli Hjallastefunnar  
[www.hjalli.is/bsk7610](http://www.hjalli.is/bsk7610)

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐAR

## Skólavefritið

5. ÁRGANGUR, 22. TBL.

6. MARS 2009

## Málþing um skólamáli á morgun í Víðistaðaskóla

Foreldraráð Hafnarfjarðar boðar til málþings um skólamáli laugardaginn 7. mars frá kl.9.30-14.00 í Víðistaðaskóla.

Allir sem áhuga hafa eru boðnir velkomnir á málþingið þar sem málefni grunnskóla verða aðallega í brennidepli.

Dagskrá:

Kl. 9.30 Kaffi og rúnstykki í boði Kökulistar ehf. Firði, Hafnarfirði.

Kl. 10.00 Setning - talsmaður Foreldraráðs Hafnarfjarðar: Helena Mjöll Jóhannsdóttir.

Kl. 10.10 - 10.30 Gerður G. Óskarsdóttir fyrrum fræðslustjóri - „Skólinn á 21. öld“.

Kl. 10.30 - 10.50 Sif Vígbórsdóttir skólastjóri Norðlingaskóla - „Er fram-

tíðin hafin í íslenskum grunnskólum?“

Kl. 10.50 - 11.10 Viðar Halldórsson, félagsfræðingur - „Brottfall úr skipulögðu tótmundastarfi ungmenna.“

Kl. 11.10 - 11.20 Geir Bjarnason, forvarnarfulltrúi Hafnarfjarðar - „Forvarnir“.

Kl. 11.20 - 11.45 Pallborðsumræður - stjórnandi Páll Ólafsson, félagsráðgjafi.

Kl. 11.45 - 12.30 Matarhlé - súpa og brauð í boði S.S.

Kl. 12.30 - 13.30 Málstofur (alls fjórar sem fólk getur valið á milli):

1. Endurskoðun Skólastefnu Hafnarfjarðar.
2. Skóladagatal - vetrarfrí - tengsl skóla og atvinnulífs.
3. Samstarf skóla, tómtunda og tónlistar. Forvarnir.
4. Samvinna skólastiga: Leik-, grunn- og fram-

haldsskólar.

Kl. 13.30 - 13.55 Skýrslur úr málstofum kynntar.

Kl. 14.00 Málþingi slitið.

Skráning fer fram á foreldrarad@hafnarfjordur.is fyrir 6. mars nk. Heimilt er að sækja málþingið þótt ekki náist að skrá sig fyrirfram.

Málþingið er styrkt af Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.



## Skólaþróun

## Auglýst eftir dagskráratriðum

Hafnarfjarðarbær auglýsir eftir dagskráratriðum fyrir **Bjarta daga** sem haldnir verða dagana 28. maí - 7. júní og sumardaginn fyrsta þann 23. apríl. Allir sem vilja gæða Hafnarfjörð listum, lífi og leik á þessum bjartasta tíma ársins eru hvattir til að senda inn hugmyndir og tillögur að dagskráratriðum.

Ef óskað er eftir fjárramlögum til einstakra atriða skal þess getið sérstaklega en tekið skal fram að verið er að leita eftir atriðum sem ekki eru kostnaðarsöm.

Nánari upplýsingar veita:

Ásbjörg Una Björnsdóttir (asbjorg@hafnarfjordur.is) s. 585-5775 og Marín Hrafnadóttir (marin@hafnarfjordur.is), s. 585-5776.

Hugmyndir skal senda á menning@hafnarfjordur.is eða til Skrifstofu menningar- og ferðamála, Vesturgötu 8, 220 Hafnarfjörður.





## Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» Í dag, 6. mars er Evrópudagur talþjálfunar og í ár er hann helgaður taugafræðilegum tal- og málmeinum hjá börnum og fullorðnum. Ýmsir taugasjúkdómar hafa áhrif á tal, mál og tjáskiptagetu einstaklinga. Má þar nefna t.d. parkinsonsveiki, MS, MND, heilablóðfall,

flogaveiki, heilalömun og heila- og heilahimnubólgu. Áhrif þessara sjúkdóma eru misjöfn á getu fólks til að tjá sig og skilja aðra.

» Menntamálaráðuneytið hefur hafið útgáfu reglugerða við ný lög um grunnskóla og menntun kennara. Þær sem komnar eru út núna eru *Reglugerð um skólaráð*, *Reglugerð um sprotasjóð leik-, grunn- og framhaldsskóla* (kemur í staðinn fyrir þróunarsjóð grunnskóla og fleiri sjóði), *Reglugerð um innritun í framhaldsskóla* og *Reglugerð um matsnefnd leik-, grunn- og framhaldsskólakennara*. Allar reglugerðirnar er hægt að nálgast á vef menntamálaráðuneytis.

» Vef tímaritið **Netla**, <http://netla.khi.is>, hefur á undanförunum vikum og mánuðum birt fjölmargar nýjar og fróðlegar greinar sem tengjast íslensku skólastarfi. Þarna eru greinar um mun íslenska og finnska skólakerfisins, um árangur íslenskra nemenda í náttúrufræði í PISA, um lýðræði í skólastarfi, rannsókn á störfum skólalæra o.fl. Frítt og alltaf aðgengilegt á vefnum.



Stjórnendur á fræðsluviði á kynningu á stefnu og starfskjörslu fræðsluviðs fyrir stuttu, **AÐ SETTU MARKI 2009**.



### Tilkynning vikunnar

Það fer að stytast í loka-hátíð Stóru upplestrar-keppninnar í Hafnarfirði. Hún verður haldin í Hafnarborg þriðjudaginn 17. mars kl. 17. Nemendur úr 7. bekkjum í öllum skólum í Hafnarfirði og Álftanesskóla lesa upp.

Takið daginn frá. Allir velkomnir.

Næsta blað *Skólavefritsins* er væntanlegt föstudaginn 13. mars 2009

### Skrifstofuhugbúnaður á tölvuöld

Skrifstofuvöndull Microsoft, Office (word, excel, publisher o.fl.) er alls ráðandi í íslenska samfélagi. Það merkir þó ekki að fleiri möguleikar séu ekki til staðar. Þannig er til fullt af hugbúnaði sem getur nýst í staðinn fyrir hann. Þar ber fyrst að geta [Open Office](#) (ritvinnsla, töflureiknir, stærðfræðiforrit, teikniforrit, gagnagrunnur o.fl.) sem les og vistar sem Microsoft Office (sem sá hugbúnaður getur ekki gagnvart öðrum). Auk þess er Open Office með innbyggðan pdf-skrifara

sem Microsoft Office er ekki með. Þá er hægt að nota Open Office sem vefforrit, þ.e ekki er þörf á forritinu í tölvuna ef veftinging er til staðar og nefnist það [Ulteo](#). Aðrir fríir skrifstofuvöndlar eru m.a. [KOffice](#), [The Fifth Element](#) og [Lotus](#). Þá eru til stök forrit sem geta komið í stað forrita úr Microsoft Office, t.d. [AbiWord](#) í stað Word, [Scribus](#) í stað Publisher, [Gnumeric](#) í stað Excel.

Þá má nefna margs konar fríforrit fyrir skrifstofustörf. Þetta er nótuforrit eins

**VEFSLÓÐ:** <http://www.skolathroun.is/?pageid=48>



### Fríhugbúnaður

[Cute reminder](#), skjámyndaforrit eins og [Gadwin Print Screen](#), verkefnisstjórnunarforrit eins og [Organizer](#) og [Notetab Light](#) textaritþór og html-ritill.

Ef þú veist um fleiri skemmtilegt fríforrit hér væri gaman að fréttu af þeim.

### Námskeiðahaldið í næstu viku

#### 9. mars mánudagur:

- **ADHD ráðabankinn- sjónarhorn iðjuþjálfar** í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-16.30.
- **Erlend börn í list- og verkgreinum** í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-17.
- **Grunnnámskeið í ritvinnslu (RITFÚS) - FELLUR NIÐUR.**
- **Lestur og ritun á yngsta stigi** í Hvaleyrarskóla kl. 15-17.
- **Listmeðferð – að efla fagvitund á skapandi hátt** í Setbergsskóla kl. 15-17.
- **Námskeið í kórstjórn** í Setbergsskóla kl. 15-17.30.

#### 11. mars miðvikudagur:

- **Varnarviðbrögð** í Lækjarskóla (iþróttahúsi) kl. 13.15-17.

#### 13. mars föstudagur:

- **Varnarviðbrögð** í Lækjarskóla (iþróttahúsi) kl. 13.15-17.

**VEFSLÓÐ:** [http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/stjornsysla/fraedslusvid/skolaskrifstofa/fraedslustarfsemi\\_skolaskrifstofu/](http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/stjornsysla/fraedslusvid/skolaskrifstofa/fraedslustarfsemi_skolaskrifstofu/)

### Námskeiðamál